

G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum
og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð.

Dyngd	1 g til 5 g	kr.	1.00
—	10 g til 20 g	—	1.60
—	50 g	—	1.80
—	100 g til 200 g	—	2.00
—	½ kg	—	2.50
—	1 kg til 2 kg	—	3.60
—	5 kg	—	4.40
—	10 kg	—	6.00
—	20 kg	—	7.50

2. Metaskálar.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	25.00
—	5 kg eða minna	—	30.00
—	10 kg eða minna	—	35.00
—	20 kg eða minna	—	40.00
—	30 kg eða minna	—	42.00
—	yfir 30 kg	—	50.00

3. Borðvogir jafnarma.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	30.00
—	5 kg eða minna	—	35.00
—	10 kg eða minna	—	40.00
—	20 kg eða minna	—	50.00
—	30 kg eða minna	—	60.00
—	yfir 30 kg	—	76.00

4. Tugavogir og hundraðsvogir.

Vogarþol	100 kg eða minna	—	30.00
—	200 kg eða minna	—	35.00
—	300 kg eða minna	—	40.00
—	500 kg eða minna	—	45.00
—	600 kg eða minna	—	50.00
—	1000 kg eða minna	—	66.00
—	2000 kg eða minna	—	70.00
—	yfir 2000 kg	—	115.00

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir decimalvogir með sama vogarþoli og auk þess 15 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. Reizlur án mundangs.

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	11.00
—	10 kg eða minna	—	15.00
—	20 kg eða minna	—	25.00
—	50 kg eða minna	—	30.00

Vogarþol 100 kg eða minna	kr. 35.00	183
— 300 kg eða minna	— 40.00	1. sept.

og auk þess kr. 1.50 fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar.

Fyrir hvern kvarða, sem löggiltur er, kr. 6.00, auk þess fyrir hverja 10 óskipta sentímetra 70 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm fyrir hvern cm kr. 0.50.

7. Mæliker.

Stærð 1 dl og 2 dl	kr. 3.20
— ½ lítri	— 5.00
— 1 og 2 lítrar	— 6.50
— 5 lítrar	— 14.00
— 10 lítrar	— 25.00
— 20 lítrar	— 30.00
— 50 lítrar	— 45.00

Enn fremur aukagjald fyrir hvern benzínæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 40.00.

8. Sildarmæliker 150 lítrar	kr. 100.00
— 300 lítrar	— 180.00
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 150 lítra ..	— 350.00
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 300 lítra ..	— 700.00

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlóð.

Þyngd 50 g eða minna	kr. 1.00
— ½ kg eða minna	— 2.00
— 5 kg eða minna	— 3.00
— yfir 5 kg	— 5.00

2. Vogir.

Vogarþol 5 kg eða minna	— 10.00
— 30 kg eða minna	— 15.00
— 100 kg eða minna	— 25.00
— 300 kg eða minna	— 30.00
— 600 kg eða minna	— 35.00
— yfir 600 kg	— 50.00

3. Kvarðar.

Lengd ½ m til 1 m	— 5.00
-------------------------	--------

4. Mæliker.

Stærð ½ lítri eða minna	— 3.00
— yfir ½ lítri	— 5.00
Sildarmál 50 lítrar til 150 lítrar	— 40.00
— 300 lítrar	— 80.00
Löndunartæki 150 til 300 lítrar	— 130.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast, auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn

183 Löggildingarstofunnar, kr. 18.00 um klukkustund, eða brot úr klukkustund, að við-
1. sept. bætttri verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, og mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 41 10. marz 1949, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. september 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

184
1. sept.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsabygginga á jörð-
um, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á
lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir,
er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905.
Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með
undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins
og stjórn Búnaðarsambands Austurlands. Hann skal vera húsameistari eða húsa-
smíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll
þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Austur-Skaftafellssýslu og Bygg-
ingarsjóði, svo og af sýslusjóðum Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, ef ráðinn
verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga
nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af
viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að aflok-
num hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildi kosning þeirra jafnlangan
tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af
Teiknistofu landbúnaðarins.
2. Að hafa umsjón með því að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum
sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu,
er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.